



2. Kennarar sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt hafa skarað framúr

„Kári Arnórsson, fyrrverandi skólastjóri, hóf þróunar- og umbótastarf sitt í skólamálum strax á fyrstu árum sínum við kennslu upp úr 1950. Hann var um árabil kennari – fyrst á Þórshöfn og svo í Hafnarfirði, en síðan skólastjóri á Húsavík í um áratug. Árið 1971 tók hann við starfi sem skólastjóri í Fossvogsskóla í Reykjavík. Sá skóli var þá nýstofnaður og var fyrsti tilraunaskólinn um nýja kennsluhætti á Íslandi. Þá voru slíkir kennsluhættir kallaðir „opinn skóli“; nú, þrjátíu árum síðar, er talað um „einstaklingsmiðað nám“, en að baki liggur sama hugmyndafræði.

Sýn Kára á starf kennara og skóla mótaðist alla tíð af þeirri afstöðu að hver einstakur nemandi ætti að fá tækifæri til að njóta hæfileika sinna og að kennslan ætti fyrst og fremst að miðast við getu nemandans og þroska á hverjum tíma.

Kári vildi losa skólastarf úr viðjum hefða og vana. Honum var kappsmál að leita sífellt nýrra leiða og láta reyna á nýjar hugmyndir, prófa þær og þróa. Hann lagði áherslu á að læra af reynslunni með því að leggja stöðugt mat á skólastarfið og bregðast við í samræmi við niðurstöður þess. Hann vildi að nemendur lærðu að sýna hver öðrum tillitssemi og virðingu og að þeim liði vel í skólanum. Hann byggði upp sjálfstæði nemenda sinna, vildi draga úr vægi kennslubókarinnar og beita fjölbreyttum aðferðum við kennslu. Hann sá til þess að nemendur ættu valkosti, hefðu áhrif á nám sitt og tækju ábyrgð á því. Hann lagði áherslu á aukinn hlut listsköpunar og handmenntar í skólastarfi, stuðlaði að samstarfi kennara og valddreifingu innan skólans og kappkostaði stöðugt og náíð samstarf heimila og skóla. Þannig skipulagði hann m.a. skólastarfið í skóla sínum á þann hátt að það kæmi til móts við þarfir heimilanna og bauð nemendum lengri og innihaldsríkari skóladag en þá tíðkaðist í öðrum skólum.

Þá þrjá áratugi sem Kári var skólastjóri í Fossvogsskóla var hann óþreytandi að miðla af reynslu sinni og fræða aðra um starf skólans með því að taka á móti hópum kennara, skólastjórnenda og annars skólafólks sem vildi kynna sér það. Hann skrifaði greinar og skýrslur, hélt námskeið og flutti erindi og fyrirlestra um skólastarfið í Fossvogsskóla.

Kári Arnórsson á að baki langan og farsælan feril bæði sem kennari og skólastjóri og hefur skilað merku ævistarfi með því að hlúa að sprotum sem hafa vaxið og dafnað og haft víðtæk áhrif á íslenska grunnskóla. Hann ruddi braut viðhorfum um að gott og farsælt skólastarf krefðist þess að hæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði hvers einstaklings fengi notið sín.”